

# STJÓRNARTÍÐINDI B 4 – 2003

14. janúar 2003

25

Nr. 10

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsáætlanir í Reykjavík.

*Skúlagötusvæði milli Skúlagötu, Frakkastígs, Lindargötu og lóða Lindargötu 10 og Klapparstígs 1-7, Skuggahverfi, breyting á deiliskipulagi.*

Í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 16. apríl 2002 breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis milli Skúlagötu, Frakkastígs, Lindargötu og lóða nr. 10 við Lindargötu og nr. 1-7 við Klapparstíg, varðandi svokallað Skuggahverfi.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var áður birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 30. október sl., sbr. auglýsingu nr. 744/2002. Er sú auglýsing hér með afturkölluð þar eð ótímabært var að birta hana á þeim tíma þar sem aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 hafði ekki verið staðfest og auglýsing um gildistöku þess ekki verið birt.

Breytingin hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi og fellur þar með úr gildi eldra skipulag svæðisins.

*Reykjavík, 14. janúar 2003.*

**Helga Bragadóttir** skipulagsfulltrúi.

9. janúar 2003

Nr. 11

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Kópavogi.

*Lækjarbotnalönd nr. 40 og 43. Deiliskipulag frístundabyggðar.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 17. október 2002 samþykkt tillögu að deiliskipulagi frístunda-byggðar í Lækjarbotnalöndi. Tillagan nær til Lækjarbotnalanda nr. 40 og 43. Í tillögunni felst m.a. að heimilt verður að byggja við núverandi sumarbústað á Lækjarbotnalöndi nr. 40 (Litli Dalur) og á Lækjarbotnalöndi nr. 43 verði heimilt að byggja nýtt sumarhús í stað þess sem fyrir er.